

Sektin eptir dómi þessum greiðist áður liðnar sjeu 8 vikur eptir lögbirtingu hans, að viðlagðri laga aðför.

Í Mánudaginn 13. septembermánaðar.  
 Nr. 26/1897: Rjettvísín  
 gegn  
 Sigurbirni Guðmundssyni.

### D ó m u r :

Með aukarjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 13. apríl þ. á., var hinn ákærði sýknaður af ákæru rjettvísinnar fyrir þjófnað, en dæmdur fyrir ólöglega lausamennsku í 20 kr. sekt, er renni að hálfu í fátækra sjóð Arnarneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar; svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 5 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, amtskrifara Júlíusar Sigurðssonar. Þessum dómi, sem hinn ákærði hefur viljað una við fyrir sittt leyti, hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hlutað-eigandi amtmanns.

Að því er snertir þjófnaðarákæruna á hendur ákærða, eru atvik málsins þau, að Sigurbjörn nokkur Kristjánsson úr Þingeyjarsýslu var 16. des. f. á. staddur í verzlunarbúð einni á Akureyri og hafði milli handa vasabók, er í voru úttektarmiðar nokkrir, er hann hafði sjer til minnis við úttektina, og 10 króna sedill einu. Þegar Sigurbjörn þessi fór út úr búðinni, gleymdi hann

vasabókinni á búðarborðinu, en er hann kom aptur inn í búðina til að leita hennar, var hún horfin. Grunaði hann þá ákærða, er þar var samtímis honum við búðarborðið og stóð næstur honum, um að hafa tekið bókina og fjekk kunningja sinn einn til að reyna að hafa upp á bókinni hjá ákærða. Fór þessi maður þegar í stað og fann ákærða niðri á plássi og spurði hann, hvort hann hefði eigi tekið vasabókina, en ákærði neitaði því. Skoraði þá maðurinn á ákærða að koma með sjer til bæjarfógeta og var ákærði fús til þess, en er þeir voru komnir spölkorn áleidis, kvaðst ákærði reyndar hafa vasabók í vasa sínum, en hana ætti hann sjálfur, og tók upp bók úr vasa sínum, en sagði jafnskjótt að þetta væri eigi sín bók, enda kannaðist hinn maðurinn við að það var hin horfna bók, eptir lýsingunni, og af því að í henni var óhreyfður 10 kr. sedillinn og úttektarmíðarnir. Ljet ákærði af hendi bókina og fór hinn maðurinn með hana til eigandans, en rjett á eptir tók lögregluþjónn kaupstadarins ákærða og fór með hann til bæjarfógeta til yfirheyrslu.

Ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi tekið umrædda vasabók í misgripum fyrir sína eigin vasabók, sem er nokkuð áþekk hinni en þó töluvert þynnri, og er það upplýst að hann hafði sína vasabók einnig við búðarborðið og las úr henni úttekt sína. Ákærði, sem tvívegis áður hefur verið refsað fyrir þjófnað, var nokkuð kenndur, er hann tók umrædda vasabók, og þó að telja megi vist, að hann hafi haft báðar

vasabækurnar í vasa sínum, er hann fór út úr verzlunarbúðinni og að hann hafi — sem hann þó eigi hefur viljað kannast við — kastað sinni bók frá sjer til að losa sig við hana, eptir að hann var handsamaður, þá er þar með eigi hnekktstöðugum framburði hans um að hann hafi tekið bókina í misgripum, og verður því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að dæma hann sýknan af ákæru sækjanda, hvað þetta atriði snertir.

Þá hefur ákærði verið sakaður um ólöglega lausamennsku og flakk, og er í því tilliti upplýst, að hann hefur eigi verið í vist og eigi leyst lausamenskuleyfi, sem hann þó gat fengið ókeypis samkvæmt 1. gr. laga 2. febr. 1894; ber samkvæmt 10. gr. tilsk. 26. maí 1863 að sekta ákærða, sem þar að auki eigi hefur haft fast heimili heldur verið á flakki hingað og þangað, fyrir þessa ólöglegu lausamennsku um 20 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð Arnarneshrepps og að hálfu til hreppstjóra þar.

Með því að yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákvedast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið víta-  
laus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Akærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1897:

Hreppsnefnd Eyrarhrepps

gegn

verzlunarstjóra J. Laxdal fyrir hönd  
verzlunar Leonh. Tangs á Isafirði.

#### Úrskurður:

Umboðsmaður hins stefnda í máli þessu — en í því er spurning um lögmæti fúgetarjettarúrskurðar, sem neitaði að framkvæma lögtak fyrir aukaútsvari hjá stefnda — hefur óskað að fá frest til 4. n. m., til þess að fá nauðsynlegar skýrslur vestan úr Isafjarðarsýslu, en áfrýjandi hefur mótmælt frestbeiðni þessari og eigi viljað samþykkja lengri frest en viku. Eins og málið liggur fyrir, er það ekki ósennilegt, að áfrýjandi þurfi að fá skýrslur að vestan um atvinnurekstur stefnda í Eyrarhreppi, og að ástæðan til þess sje einmitt það, hvernig áfrýjandi hefur lýst atvinnurekstri þessum í sókn sinni fyrir yfirdóminum, en að honum á hinn bóginn nægi eigi skemmri frestar til